



Aðalfundur FÁSES

13. nóvember 2013

Fundarstaður: Kringlukuráin.

Fundartími: 20:00-22:15.

Fundargestir: Eyrún Ellý Valsdóttir formaður, Flosi Jón Ófeigsson alþjóðafulltrúi, Auður Geirsdóttir gjaldkeri, Hildur Halldórsdóttir, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, Laufey Helga Guðmundsdóttir, Reynir Þór Eggertsson, Raket Árnadóttir, Gísli Ó. Kærned, Anna Sigríður Hafliðadóttir, Málfríður Harðardóttir, Ísak Pálmason og Heiður Dögg Sigmarsdóttir.

Áður en fundur hófst horfðu fundargestir saman á nýja útgáfu af laginu You sem var framlag Svía í keppninni í ár. Í þessari nýju útgáfu flytur Robin Stjernberg lagið ásamt keppanda Þjóðverja, Cascödu.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Eyrún Ellý Valsdóttir formaður félagsins setti fundinn og tilnefndi Hildi Tryggvadóttur Flóvenz sem fundarstjóra. Það var samþykkt og tók Hildur við stjórn fundarins. Hildur tilnefndi Flosa Jón Ólafsson, alþjóðafulltrúa sem fundarritara og var það samþykkt. Hildur minnti fundargesti einnig á að rita nafn sitt á mætingarlista fundarins.

2. Skýrsla stjórnar kynnt og tekin til umræðu.

Eyrún kom í pontu og kynnti skýrslu stjórnar sem félagsmenn fengu senda með fundarboðinu. Fram kom í máli Eyrúnar að klúbburinn héldi áfram að stækka mikið og starfsemin blómstraði áfram. Yfir vetrarmánuðina var viðburður í næstum hverjum mánuði þar með talin Eurovision barsvör, fyrirpartý fyrir úrslitin í Söngvakeppni sjónvarpsins, áhorf á úrslitin í Melodifestivalen, og þátttaka félagsmanna í Alla leið þáttunum. Auk þess var haldin hittingur með þeim sem fóru á keppnina í Malmö en samtals keyptu 55 FÁSES félagar miða í gegnum klúbbinn. Auk þessara viðburða var Fréttabréf FÁSES gefið út í annað skiptið og var prófað að setja það í sölu sem reyndist ágætlega. FÁSES tók einnig þátt í Second Chance keppninni sem og félagar tóku þátt í spá OGAE klúbbanna um úrslitin í Eurovision.

Eyrún fór einnig yfir hvað stjórnin legði upp með á næsta starfsári. Fyrir utan fasta liðið á borð við gerð Fréttabréfs, miðasölu og viðburði fyrir félagsmenn sagði Eyrún að markmið stjórnarinnar væri að koma upp heimasíðu fyrir félagið. Fundarmenn tóku vel í þá hugmynd. Opnað var fyrir umræður um skýrslu stjórnar. Flestar spurningar snéru að miðsölu fyrir komandi keppni. Fram kom í svörum að stærð klúbbsins og starfsemi hefðu áhrif á þann miðafjölda sem honum væri úthlutað af OGAE International. Auk þess var rætt um fjölda aðdáendapassa.

3. Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga.

Auður Geirsdóttir gjaldkeri, kom í pontu og fór yfir reikninga félagsins. Eignir félagsins frá því í fyrra eru um 90.000kr. Þrátt fyrir að örlítill halli hafi verið á rekstri félagsins síðasta reikningsár. Fram kom í máli Auðar að stjórn hefði ákveðið að halda til haga hagnaði fyrri árs til þess að greiða fyrir gerð heimasíðu fyrir félagið. Auður fjallaði einnig um fjármál Fréttabréfs FÁSES og sagði frá því að fleiri auglýsingar hefðu selst en árið áður auk þess sem prófað hefði verið að setja Fréttabréfið í sölu sem gekk þokkalega, þó hafi salan kannski farið heldur seint af stað. Auk þess útskýrði Auður þann háa bankakostnað sem féll á félagið á reikningsárinu og sagði að búið væri að ganga frá því við Arion banka að ekki kæmi til svo mikils kostnaðar á næsta ári.

Opnað var fyrir umræðu um ársreikninginn. Spurt var hvort árgjaldið myndi hækka og því var svarað neitandi. Umræða skapaðist um hallann á rekstrinum og fram kom í máli fundarmanna að óeðilegt væri að reka félag sem FÁSES með miklum hagnaði, frekar ætti að reyna stefna á rekstur í kringum núllið. Einnig var komið á framfæri að stjórn hefði staðið sig vel þegar kæmi að fjármálum. Að loknum umræðum var reikningurinn lagður í atkvæði og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

4. Lagabreytingar.

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz fór yfir lagabreytingar og skýrði ástæður þess að lagst væri í nokkrar breytingar á samþykktunum að þessu sinni. Helsta ástæðan væri sú að félagið hefði stækkað ört á þessum fyrstu tveimur starfsárum og væri með tillögunum verið að færa samþykktirnar í átt að þeim raunveruleika sem félagið ynni í.

Hildur byrjaði á því að fjalla um tillögu stjórnar að breytingu á 12. gr. samþykktu félagsins. Í þeirri grein kemur fram að samþykktum félagsins sé einungis hægt að breyta með samþykkti 2/3 hluta félagsmanna. Fyrir fundinn lá fyrir sú tillaga að breyta orðinu félagsmenn í fundarmanna. Hildur óskaði eftir því við fundinn að hann gæfi leyfi fyrir að hægt yrði að breyta þessari einu tillögu með 2/3 fundarmanna en ekki félagsmanna. Fundurinn samþykkti það og samþykkti í framhaldi tillöguna.

Þá var tillaga stjórnar að breytingu 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. opnuð fyrir umræðu. Reynir lagði til að í stað orðsins foreldri kæmu orðin foreldri/forráðamaður. Tillaga með breytingum Reynis var lögð fyrir og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. er því svohljóðandi: „*Félagsaðild að FÁSES er opin öllum 13 ára og eldri. Börn 12 ára og yngri geta fengið aðild sé foreldri/forráðamaður þeirra einnig félagi.*”

Tillaga stjórnar að breytingu á 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. var opnuð fyrir umræðu. Engar breytingartillögur voru gerðar og var tillagan því lögð undir atkvæði og var samþykkt samhljóða. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. verður því svohljóðandi: „*Börn 12 ára og yngri eru undanþegin greiðslu félagsgjalda.*”

Opnað var fyrir umræðu um tillögu stjórnar um að bæta við nýrri málsgrein á eftir 3. mgr. 4. gr. Talsverð umræða skapaðist um málsgreinina og fyrirkomulag miðakaupa í gegnum félagið. Reynir lagði til að seinni setning í tillögu stjórnar yrði felld niður og var tillaga hans samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Ný málsgrein á eftir 3.mgr. 4.gr. er því svohljóðandi: „*Hver félagsmaður hefur rétt á að*

kaupa einn miða á Eurovision í gegnum FÁSES.” Auk þess var lögð fram tillaga þess efnis að stjórn myndi skoða miðamálin í heild sinni fyrir næsta aðalfund og var hún einnig samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga stjórnar um að bæta við nýjum málslið á eftir 1. másl. 1. mgr. 6. gr. um að kjósa varamenn tekin til umræðu. Reynir lagði til að tillögunni yrði breytt á þann hátt að kjörnir yrðu 1. og 2. varamaður. Tillagan með breytingum Reynis var lögð undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða. Nýr málsliður á eftir 1. másl. 1. mgr. 6. gr. er því svohljóðandi: „*Auk þess skulu kjörnir 1. og 2. varamaður.*“

Tillaga stjórnar að breytingu á 3. másl. 1. mgr. 6. gr. tekin til umræðu. Engar breytingartillögur bárust og var tillagan því lögð undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Ákvæði 3. másl. 1. mgr. 6. gr. er því svohljóðandi: „*Kjörtímabil aðalmanna í stjórn er tvö ár en varamanna eitt ár.*“

Tillaga stjórnar að nýjum málslið á eftir 3. másl. 4. mgr. 6. gr. tekin til umræðu. Engar breytingatillögur bárust og var tillagan því lögð undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóða. Nýr málsliður á eftir 3. másl. 4. mgr. 6. gr. er því svohljóðandi: „*Varamenn hafa rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en hafa eingöngu atkvæðarétt í fjarveru aðalmanna.*“

Tillaga stjórnar um að breyta 1. másl. 1. mgr. 10. gr. um reikningsár félagsins var tekin til umræðu. Anna Sigríður benti á að yrði reikningsárinu breytt í 1. nóvember til 31. október yrði skammur tími til að ganga frá ársreikningi og gera skoðunarmönnum kleift að fara yfir reikninginn því samkvæmt samþykktum þyrfti að halda aðalfund fyrir 15. nóvember. Stjórn dróg þá tillögu sína til baka og Anna Sigríður lagði fram nýja tillögu svohljóðandi: „*Reikningsár félagsins skal vera frá 1. október til 30. september.*“ Tillaga Önnu Sigríðar var lögð undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Breytingar á 14. gr. um gildistíma samþykkt félagsins var lögð fyrir og samþykkt samhljóða. Ákvæði 14. gr. er því svohljóðandi: „*Samþykktir þessar öðlast gildi á stofnfundi samtakanna. Breytt á aðalfundi 1. nóvember 2012 og 13. nóvember 2013.*“

5. Kosning til stjórnar.

Auður Geirsdóttir tók við stjórn fundarins. Hún fór yfir þau framboð til stjórnar sem höfðu borist fyrir fundinn auk þess sem hún opnaði fyrir framboð frá fundarmönnum. Engin framboð bárust á fundinum. Eyrún Ellý Valsdóttir var endurkjörin formaður til tveggja ára, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz var kjörin ritari til tveggja ára. Alma Tryggvadóttir var kjörin viðburðar- og kynningastjóri til eins árs. Þar sem tillögur að breytingum á samþykktum um að kjósa tvo varamenn í stjórn var samþykkt, var kjörið í þær stöður. Höfðu Laufey Helga Guðmundsdóttir og Haukur Johnson boðið sig fram, yrði tillagan samþykkt. Opnað var fyrir framboð frá fundarmönnum, ekkert barst. Laufey var kjörin 1. varamaður og Haukur 2. varamaður.

Nokkur umræða skapaðist um hvernig staðið var að því að auglýsa þau sæti sem kosið var um í stjórn félagsins og gagnrýnt að nöfn þeirra stjórnarmanna sem þegar væru í stjórn væru birt sem framboð með auglýsingu um kosningar í stjórn og bent á að það myndi draga úr öðrum að bjóða sig fram því ólíklegt væri að fólk vildi bjóða sig fram á móti fólkum sem þegar hefði verið í stjórn. Stjórn þakkaði fyrir

ábendinguna og sagði að bót yrði á fyrir næsta aðalfund.

Umræða skapaðist um nefndir hjá félaginu og var ákveðið að setja á stofn heimasíðunefnd. Anna Sigríður Hafliðadóttir, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, Laufey Helga Guðmundsdóttir og Reynir Þór Eggertsson buðu fram krafta sína í nefndina og var það samþykkt auk þess að haft yrði samband við Ýri Geirsdóttur um að taka sæti í nefndinni líka.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Anna Sigríður Hafliðadóttir og Reynir Þór Eggertsson, núverandi skoðunarmenn gáfu aftur kost á sér sem skoðunarmenn reikninga til eins árs. Engin mótframboð bárust og voru þau því rétt kjörnir skoðunarmenn til eins árs.

7. Önnur mál.

1. Fjallað var um Alla leið þættina og auka hlutverk FÁSES í þáttunum. Reynir sagði frá því að hann vissi ekki betur en að þættirnir yrðu á dagskrá og með svipuðu sniði og síðast.
2. Umræða skapaðist um ýmsar hugmyndir að viðburðum sem FÁSES gæti staðið fyrir. Meðal annars voru hugmyndir um kósí kvöld, horfa á Alla leið þættina saman, horfa á öll Eurovision löggin eftir að fresturinn til að skila lagi rynni út, standa fyrir kosningu milli laga á viðburðum og skipa fólki í lið eftir löndum, hitting fyrir Köben, og margt fleira.
3. Fundurinn rann út í spjall um ýmislegt tengt Eurovision og var honum því slitið!